

Eyverjar með öflugt starf

Nú nálgast sveitastjórnarkosningar og kynnti Sjálfstæðisflokkurinn sinn framboðslista 7. apríl síðastliðinn. Listinn er gríðarlega vel mannaður og ljóst að um frábært fólk er að ræða sem óskar eftir þínu atkvæði og trausti til að leiða starfið í Vestmannaeyjabæ næstu fjögur árin. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft meirihluta síðastliðað kjörtímabil eftir miklar hræringar í bæjarpólitíkinni kjörtímabilið þar á undan. Undanfarin fjögur ár hefur starfið hjá Vestmannaeyjabæ einkennst af miklu samstarfi og bættum hag bæði hvað snertir rekstur og fjárhag bæjarins. Við vonum því að þú kæri kjósandi viljir njóta krafta okkar áfram og hjálpir okkur við að leiða Vestmannaeyjar inn í enn bjartari framtíð.

Eyverjar eru ungliðahreyfing sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum og eru með sterkari félögum í ungliðapólitíkinni á landinu. Við erum með okkar eigið félagshúsnæði og erum mjög áberandi í okkar starfi. Eyverjar opnuðu heimasíðu fyrir um ári síðan og hafa þar skrifað um hins ýmsu málefni sem snerta bæjarmálin sem og önnur dægurmál. www.eyverjar.is er frábær viðbót við það starf sem Eyverja leiða og hefur verið tekið eftir.

Eyverjar brautryðjendur

Skemmtanir fyrir unga fólkið skipta Eyverja miklu máli. Eyverjar kappkosta við að halda uppi öflugum félagsstarfi fyrir ungt fólk í Vestmannaeyjum svo sem prettándagrimudansleik, Fáránleika þar sem ungt fólk keppir sín á milli í hinum ýsmum leikjum, Eyverjacup sem er stórskemmtilegt fótboltamót, úteyjaferð og grillpartý svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess gefa Eyverjar út Upplýsingarrit Vestmannaeyja sem er fastur liður í blaðafloðu Eyjanna. Það má segja að Eyverjar hafa verið brautryðjendur fyrir slíkar innanbæjarskrár vegna þess að þegar Eyverjar gáfu það út í fyrsta skipti árið 1978 var formaður Eyverja handtekinn þar sem Póstur og sími höfðu einkaleyfi á útgáfu símaskrár. Upplýsingarritið hefur verið gefið út síðan þá og hafa slíkar skrár verið teknar upp í öðrum sveitafélögum.

Nú liður að skemmtilegasta tíma Eyverja. Sveitastjórnarkosningar eiga hug okkar allan og framundan er mikið af skemmtunum og ýmsu félagsstarfi. Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur þá er um að gera að hafa samband við mig eða senda okkur póst á: eyverjar@eyverjar.is

Með kveðju

Borgþór Ásgeirsson
formaður Eyverja

HÖLDUM ÁFRAM

- UPPBYGGINGU ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA
- UPPBYGGINGU HAFNARMANNVIRKJA
- NIÐURGREIÐSLU SKULDA
- AÐ FEGRA BÆINN
- UPPBYGGINGU MIÐBÆJARINS
- AÐ STANDA VIÐ BAKIÐ Á ÍÞRÓTTA-HREYFINGUNNI OG ÞVÍ FRÁBÆRA STARFI SEM ÞAR ER UNNIÐ

Trausti Hjaltason



x D

Foreldrar og fjölskylduhagir: Foreldrar mínir eru Vera Björk Einarsdóttir og Hjalti Kristjánsson. Systkini mín eru Tryggvi og Ragnheiður Perla. Kærastan heitir Unnur Líf.

Sæti á lista: Sjöunda

Afhverju í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn? Til að láta gott af mér leiða, hlusta á fólk í Vestmannaeyjum, læra af samstarfsfólki og kjósendum, standa vörð um mikilvæg málefni og bæta lífsgæðin á besta stað á Íslandi.

Hefur þú komið upp á Heimaklett? Já, samt líklega ekki jafn oft og Sindri Viðars.

Hver er skemmtilegasti núlifandi Vestmannaeyingurinn? Grettir Jóhannesson ekki spurning, mikill snillingur.

Uppáhalds Þjóðhátíðarlag? Vinátta.

Sérð þú fyrir þér sjálfstæðar Vestmannaeyjar? Já í draumaheimi, það mundi auðvelda Eyjamönnum lífið og gera það enn eftirsóknarverðara að búa hér.

Í hvaða sæti endar ÍBV í fótboltanum í sumar? Góðu sæti.

Berð þú ábyrgð á bankahruninu? Já að hluta til, ég tók allavega erlent bílalan og yfirdrátt á kortið. Með því var ég þátttakandi í of mikilli þenslu.

Segðu okkur eina staðreynd um þig sem fáir vita? Ég bjó í fjögur ár í Svíþjóð á mínum yngri árum.

Hildur Sólveig Sigurðardóttir



x D

Foreldrar og fjölskylduhagir: Drífa Björnsdóttir ljósmóðir og Sigurður Karl Ragnarsson blikksmiður á Akranesi er faðir minn. Er í sambúð með Sindra Ólafssyni og og við eignuðumst fallegan strák, nýjasta Eyverja Vestmannaeyja, þann 10 maí s.l

Sæti á lista: 6. Sæti

Afhverju í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn? Af því að þar er skemmtilegt fólk, góð málefni og ég tel að ég hafi ýmislegt gott fram að færa og geti hjálpað til í áframhaldandi uppbyggingu á þessu frábæra bæjarfélagi.

Hefur þú komið upp á Heimaklett? Ja, margoft og væri örugglega brottræk úr tengdafjölskyldunni ef svo hefði ekki verið. Trúlofaði mig meira að segja þar.

Hver er skemmtilegasti núlifandi Vestmannaeyingurinn? Það er aldrei lognmolla í kringum Steingrímsbræðurna Palla og Svabba... Maður þreytist seint á að hlusta á sögur frá þeim, en svo er gaman að ansi mörgum en erfitt að pikka einhvern einn ákveðinn út.

Uppáhalds Þjóðhátíðarlag? Úff. erfið spurning, en ætli lagið frá 62 standi ekki upp úr; ég veit þú kemur

Sérð þú fyrir þér sjálfstæðar Vestmannaeyjar? Ekki a næstunni en það er alls ekki galin hugmynd en áhættusöm en það eru líka allar bestu hugmyndirnar

Í hvaða sæti endar ÍBV í fótboltanum í sumar? 6. Sæti

Berð þú ábyrgð á bankahruninu? Nei

Segðu okkur eina staðreynd um þig sem fáir vita?

Ég var Oroblu stúlka ungrú Suðurlands 2002 og vann mer inn þáttökurett i ungrú Ísland það var með celebum á borð við Manuelu Ósk og það sem ég er mjög stolt af að ég er margfaldur Íslands- og bikarmeistari i handbolta kvenna með ÍBV þó svo ég hafi aðallega séð um að halda góðri stemmningu á bekknum þá er það samt sem áður mikilvægt hlutverk!

X við D eins og ekkert sé

Ípróttahúsið opnar fjölmörg tækifæri

Nú er fjölnota ípróttahús óðum að taka á sig mynd sunnan við Hásteinsvöll. Fjölmargt hefur verið rætt og skrifað um ágæti hússins og skoðanir fjölbreyttar eins og þær eru margar. Mín skoðun er sú, að þrátt fyrir minn ípróttiferill hafi að mestu legið í öðrum ípróttageinum, þá komi þetta hús til með að nýtast öllum ípróttageinum í Vestmannaeyjum. Og ekki bara ípróttageinum.

Húsið sjálft nýtist knattspyrnufólki Eyjanna fyrst og fremst. Vetraraðstaða knattspyrnunnar hefur ekki verið samkeppnishæft við önnur bæjarfélög sem við viljum bera okkur saman við. Nú verður algjör bylting þar á og er okkar unga knattspyrnufólki skapaðar aðstæður sem við viljum búa um okkar ípróttafólk.

En það eru fleiri sem koma til með að nota húsið. Aðstaða frjálsra ípróttahéfur sömuleiðis verið til skammar í Vestmannaeyjum enda hefur ekki verið boðið upp á nothæfa æfingaaðstöðu í fjölmörg ár. Það breytist með fjölnota ípróttahúsi því þar verður 60 metra hlaupabraut, langstökksgrýfja og aðstaða fyrir stangastökk. Bylting fyrir frjálsar ípróttir í Vestmannaeyjum. Eldri borgarar eru manna duglegastir við að fá sér göngutúra en það er erfitt þegar veður er slæmt og færðin erfið. Nú gefst þeim kostur á að ganga innandyra en húsið er ókynnt og því er þetta eins og að ganga utandyra. Eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu hafa notað Fífuna, fjölnota ípróttahús í Kópavogi í sama

tilgangi með góðri reynslu. Kyllingar í Eyjum hafa ennfremur ekki haft neina vetraraðstöðu til þessa. Það kann að breytast með tilkomu ípróttahússins og vonandi verða haldnar golfæfingar í húsinu næsta vetur. Ofan á allt þetta kemur svo stórbætt sýningaraðstaða sem fæst með húsi með um fjögur þúsund fermetra gólfplássi.

Óbeinu áhrifin á tilkomu fjölnota ípróttahúss eru ekki síður miklar. Knattspyrnuæfingar hafa til þessa verið haldnar í söllum ípróttamiðstöðvarinnar. Nú losnar um þessa tíma sem er mikið hagræði fyrir aðrar ípróttageinar eins og körfubolta, fimleika og handbolta. Auk þess opnast möguleikinn á að almenningur komist í auknu mæli inn í ípróttasali bæjarins en það hefur verið mjög erfitt, nánast ómögulegt til þessa.

Af öllu þessu má sjá að kostirnir við fjölnota ípróttahús eru gríðarlegir. Helsta gagnrýni á húsið hefur verið staðsetningin og bent á að húsið hefði getað verið í Löngulág. Sömu aðilar segja að húsið sé líti í fallegu umhverfi og verði hálfgerð skrímsli. Svona stórt hús verður alltaf áberandi, það er engin leið að fela það, enda engin ástæða til. Húsið á hvergi heima nema í skipulögðu ípróttasvæði Vestmannaeyjabæjar, og það á núverandi byggingarreit. Til hamingju Vestmannaeyingar með tilvonandi ípróttahús.

Gígja Óskarsdóttir



Þorbjörn Víglundsson



x D

Foreldrar og fjölskylduhagir: Foreldrar mínir eru þau Jóna S. Þorbjörnsdóttir og Víglundur Þór Víglundsson. Ég er giftur Agnesi Guðlaugsdóttur og á ég þrjú börn þau Breka fimm ára, Jökul þrjú ára og Jenný Svövu átta mánaða.

Sæti á lista: Númer tíu, en ekki hvað....

Afhverju í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn? Kemur eitthvað annað til greina ?

Hefur þú komið upp á Heimaklett? Margoft, hef meira að segja hoggjó nafn mitt í bergið í efri Kleifum.

Hver er skemmtilegasti núlifandi Vestmannaeyingurinn? Ágúst Halldórsson fyrir ómetanlegar stöðuuppfærslur á Facebook.

Uppáhalds Þjóðhátíðarlag? Þjóðhátíðarlag Tvíhöfða er eitt af þeim betri en ef ég þyrfti að velja eitthvað eitt fram yfir annað þá yrði það sennilega „ Þú veist hvað ég meina mæri“ með Skímó.

Sérð þú fyrir þér sjálfstæðar Vestmannaeyjar? Já og nei, þetta er vissulega spennandi hugmynd en við erum jú hluti ef einni heild sem kallar Íslendingar þó svo að við teljum okkur sérstæð að mörgu leiti. En enginn er eyland og erum til að mynda að nýta okkur sameiginlega fiskistofna við landið og veit ég ekki hvernig við ættum að skipta því upp ef við ætluðum okkur að vera sjálfstætt ríki. Fara fram á 200 mílna fiskveiðilögsögu við Vestmannaeyjar, sé það ekki fyrir mér.

Í hvaða sæti endar ÍBV í fótboltanum í sumar? Ég hef trú á því að við sigrum deildina en ef svo yrði ekki þá náum við að minnsta Evrópusæti.

Berð þú ábyrgð á bankahruninu? Nei, græðgi fárra einstaklinga varð bönkunum að falli.

Segðu okkur eina staðreynd um þig sem fáir vita? Ég var norðurlandameistari unglinga í tyggjókúlublæstri árið 1990 og var kallaður Þobbi af vinum mínum í æsku.

Gígja Óskarsdóttir



x D

Foreldrar og fjölskylduhagir: Foreldrar mínir eru Erla Gísladóttir og Óskar Örn Ólafsson og er í sambandi með Leif Jóhannessyni.

Sæti á lista: 13 sæti.

Afhverju í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn? Þegar mér var boðið sæti á listanum var það aldrei spurning því það er mikil heiður að fá tækifæri til þess að taka þátt í þessu góða starfi sem átt hefur sér stað og á vonandi eftir að halda áfram.

Hefur þú komið upp á Heimaklett? Já að sjálfsgöðu.

Hver er skemmtilegasti núlifandi Vestmannaeyingurinn? Afi minn Gísli Valtýsson.

Uppáhalds Þjóðhátíðarlag? Ég veit þú kemur, annars er lagið Heima upphalds eyjalagið.

Sérð þú fyrir þér sjálfstæðar Vestmannaeyjar? Já.

Í hvaða sæti endar ÍBV í fótboltanum í sumar? 4 sæti

Berð þú ábyrgð á bankahruninu? Nei.

Segðu okkur eina staðreynd um þig sem fáir vita? Alveg einstaklega seinheppin.

X-D fyrir unga fólk

Traustur meirihluti

Þó aðeins séu liðin fjögur ár frá því síðast var kosið til bæjarstjórnar hefur margt tekið stórstígum framförum hér í Eyjum, ekki hvað síst í rekstri bæjarins. Árangurinn við að bæta fjárhag bæjarins er á við bestu ævintýri H.C. Andersen. En það sem stendur þó helst uppúr í huga flestra þeirra sem muna glögg eftir árunum fjórum þar á undan er líkast til sú stórkostlega breyting sem orðið hefur á öllu starfi innan bæjarstjórnar. Sem hefur á þessu kjörtímabili einkenst af samvinnu minni- og meirihluta, röggsemi og stöðugleika.

Stærsta skrefið í þá átt var stigið fyrir rétt tæpum fjórum árum þegar Eyjamenn kusu sér einn flokk til ábyrgðar. Á árunum þar á undan voru landsmönnum fluttar margar fréttir af bæjarstjórn Vestmannaeyja - fæstar þeirra jákvæðar. Bæjarstjórnin varð á skömmum tíma að hálfgerðu aðhláturselfni, í það minnsta viðundri, í augum landsmanna. Þökk sé pólitískum upphlaupum sem enduðu með því að einn maður sat í minnihluta.

Sá maður, sem hafði vitaskuld fæsta kjósendur sér að baki, hafði örlög bæjarstjórnarinnar í hendi sér. Hann taldi oddastöðuna færa sér margfalt meiri völd en atkvæðafjöldinn í kosningunum gaf til kynna.

Ég held við getum öll verið sammála um að við viljum bæjarstjórn sem vinnur líkt og sú sem nú situr. Ég efa að nokkur vilji hverfa aftur til þess sem einkenndi kjörtímabilið þar á undan og hjakka í þeim hjólförum sem þá voru allsráðandi í pólitísku landslagi Eyjanna.

Eyjamenn kusu sér einn flokk til ábyrgðar fyrir fjórum árum og ég hygg að reynslan af því sé það góð að við munum bera gæfu til þess að gera það aftur í komandi kosningum.

Helgi Ólafsson

HEYST HEFUR...



- AÐ UNGIR JAFNAÐARMENNA RÍSI UPP FRÁ DAUÐUM EFTIR 4 ÁRA DVALA!
- AÐ SIGGI VILHELMS HAFI FENGIÐ LÁNAÐA BAKARAHÚFU.
- AÐ LITLA FLUGAN HAFI KLESST Á RÚÐUNA HJÁ VILLA SENDIBÍLSTJÓRA.
- AÐ ÞÓRARINN INGI SÉ HARÐLEGA Á MÓTI ÚTSVARI ÞVÍ VIÐ TÖPUM ALLTAF Í ÞVÍ
- AÐ SAMFYLKINGIN SÉ AÐ LEITA AÐ SÍNUM FULLTRÚUM Á V-LISTANUM.

Útgefandi: Eyverjar, Félag ungra sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum
Ritstjórn: Haraldur Pálsson og Sindri Ólafsson
Ábyrgðarmaður: Borgþór Ásgeirsson
Gerð blaðsins: Stjórn Eyverja
Myndir: Eyverjar - www.eyverjar.is
Skopmynd: Kristinn Pálsson
Heimasíða: www.eyverjar.is
Netfang: eyverjar@eyverjar.is
Upplag: 1700 eintök
Prentun og uppsetning: Prentsmiðjan Eyrún



Magga Mix Quiz!

Þann 1 maí mætti meistari Maggi mix til okkar í Ásgarði og var spyrill í spurningarkeppni, einnig tók hann nokkur lög og heppnaðist kvöldið frábærlega. Sigurvegarar spurningakeppinnar voru Andri Hugo, Sindri Freyr, Gústaf Kristján, Hlynur Ágúst og co. Sigurlaunin voru ekki af verri endanum en þeir fengu boli frá Magga mix með snildar heilræðum á bakinu t.d Lifið heil og gerði ekki fail og pinnamat í party eitthvað til að narta í. Um það bil 100 manns voru í Ásgarði þetta kvöld og skemmtu sér mjög vel. Viljum við í stjórn Eyverja þakka góða mætingu og einnig þakka Magga mix fyrir frábæra skemmtun. Einnig má minna á það að annað svona Þöbquiz verður haldið nk. fimmtudag en það verður haldið á Volcano Café, vonandi að sem flestir sjái sér fært um að mæta.



SÍMI 482 1000

TOPPPIZZUR TILBOÐ SENT

12" m/3 áleggst., og 1/2 ltr. Pepsí
val um 12" hvítl.br. eða brauðstangir kr. 2.690,-

16" m/2 áleggst.,
val um 16" hvítl.br. eða 16" margarita kr. 2.890,-

16" m/3 áleggst., val um brauðstangir, 16" hvítl.br.
eða 12" margarita + 2 ltr. Pepsí kr. 3.300,-

2x16" m/2 áleggstegundum kr. 3.290,-

TILBOÐ SÓTT

12" m/3 áleggsteg. kr. 1.590,-

12" m/3 áleggst., og val um 12" hvítl.br.
eða brauðstangir kr. 2.190,-

16" m/3 áleggstegundum kr. 1.690,-

16" m/3 áleggst., val um brauðstangir,
16" hvítl.br. eða 12" margarita kr. 2.690,-

2x16 m/3 áleggstegundum kr. 3.190,-

Hin sívinsæla Blaðra með
sweet-chili sósu til að dífa í
TILBOÐ: 1.990,- + 1/2 ltr. Pepsí

Klár snilld:

Brauðstangir m/beikoni, sveppum & BBQ
Brauðstangir m/piparosti, BBQ, lauk
Brauðstangir m/rjómaosti, Doritos
Verð: 1.490,- sótt / 1.790,- sent.
Hvítlaukssósa fylgir með (varist eftirlíkingar)

HEIÐARVEGI 10, EFRI HÆÐ - SÍMI 482 1000

Opið mánud.-föstudag. 17-23

Laugard. & sunnud. 12.00-23.00



Boltinn á breiðtjaldi

Eyverja Cup 2010

Eyverjacup var haldið föstudaginn 23. apríl niður við Friðarhöfn. Alls mættu rúmlega 50 einstaklingar til að taka þátt í mótinu þrátt fyrir rok og kulda. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins létu ekki sitt eftir liggja og tóku þátt. Elliði, Páley, Páll Marvin, Gunnlaugur, Helga Björk, Hildur Zoega og Þorbjörn skipuðu eitt lið og voru langbest, að eigin sögn að minnsta kosti. Trausti Hjaltason framkvæmdarstjóri og Eyverji var dómari á mótinu en þess má geta að systkini hans, Ragnheiður Perla og Tryggvi voru keppendur í sitt hvoru liðinu á mótinu. Þótti sumum dómari hlutdrægur á köflum en keppendur komust ekki upp með neitt múður og var Trausti óspar á að sýna rauða spjaldið við hin ótrúlegustu tilefni. Margir lögðu töluvert í búninga og fylgihluti en flest lið mættu í einhvers konar einkennisklæðnaði eða með ákveðna fylgihluti, m.a. legghlífar búnar til úr pappaspjöldum. Það fór að lokum þannig að sigurvegarar voru Tryggvi Hjaltason, Guðmundur Óskar og Unnar Gísli Sigurmundssynir, Sigurjón Viðarsson og Eyþór Björgvinsson. Þeir mættu síðar prúðbúnir til að taka á móti sigurveðlauninum en um farandgrip er að ræða en stefnt er að því að halda Eyverjacup árlega. Þeir félagar þurfa því að verja titilinn að ári liðnu. Dómari mótsins sá síðan um að róa leikmenn niður með grilluðum pulsum í Ásgarði þar sem fjöldi manns kom saman.



HVAÐ ER FRAMUNDAN

- Opnun kosningamiðstöðvar í Ásgarði 13.maí
- BarSvar á fimmtudögum á Volcano Café
 - Fjórið hefst kl:21:00. Veglegir vinningar
- Súpa alla föstudaga í Ásgarði
- Munið golfmót Eyverja 23.maí
 - Texas scramble fyrirkomulagi – skráning hjá Leif í síma 6917811
- Tjaldparty Eyverja
- Kosningar og kosningavaka 29. maí